


Umhverfisstofnun
UST

03 MAI 2006
50

Tilv UST20060400088

Alþingi - Landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 27. apríl 2006
Tilvísun: UST20060400088/tb

Efni: Þingsályktunartillaga um stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á sviði landverndar og landgræðslu

Vísað er í bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 12. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um að kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á sviði landverndar og landgræðslu, 223. mál. Í tillögunni er gert ráð fyrir staðsetningu miðstöðvarinnar að Gunnarsholti og að henni sé m.a. ætlað að miðla þekkingu til þróunarlanda. Einnig er gert ráð fyrir að rannsóknamiðstöðin hafi bein tengsl við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands.

Umhverfisstofnun telur rannsóknir á sviði landverndar og landgræðslu mjög þarfar og tekur undir að ástaða sé til að kanna hvernig megi efla þær og auka samvinnu milli ólíkra stofnana og skóla sem stunda rannsóknir á þessu sviði. Umhverfisstofnun tekur ekki afstöðu til þess hvar sé best að setja niður alþjóða rannsóknamiðstöð en telur að slíkt verði að ráðast, ef af verður, eftir að málið hefur verið skoðað í heild sinni.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson

Árni Bragason